

# 3. kafli – reglur um málskotsrétt nemenda

---

## 3. Málskotsréttur nemenda

### 3.1 Niðurstöður prófa og úrskurðir deilda

Nemendur geta áfrýjað niðurstöðum námsmats og öðrum úrskurðum deilda til kennslunefndar í grunnnámi en framhaldsnámsnefndar ef um framhaldsnám er að ræða.

### 3.2 Úrskurðir kennslunefndar og framhaldsnámsnefndar

Úrskurðum kennslunefndar og framhaldsnámsnefndar er hægt að áfrýja til rektors, sem tekur endanlega ákvörðun um niðurstöðu skólans.

### 3.3 Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema

Nemendur geta samkvæmt 20. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 og reglum menntamálaráðuneytis nr. 11152/2006 skotið máli sínu til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema.